

Sp.

258. Nefndarálit

[1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur eins og áður unnið að undirbúningi og tillögugerð um framlög rikissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. Hefur hún haft samvinnu við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem samkv. venju hefur aflað upplýsinga um rekstur og afkomu einstakra flóabáta og samgöngufyrirtækja. Veruleg hækkun hefur orðið á rekstrarkostnaði flóabáta og samgöngufyrirtækja yfirleitt.

Flóabátaferðirnar hafa verið reknar með svipuðum hætti og undanfarin ár. Hefur ekki reynt mögulegt að fella niður ferðir einstakra flóabáta, þótt samgöngur hafi batnað verulega á landi í flestum landshlutum.

Nefndin hefur orðið að gera tillögur um verulega hækkun styrks til fjögurra stærstu flóabátanna. Að öðru leyti hafa framlög til minni bátanna lítið hækkað. Hins vegar er fjölgað nokkuð styrkjum til snjóþvefna. eru tillögur nefndarinnar við það miðaðar að tryggja, að haldið verði uppi nauðsynlegum samgöngum milli héraða í landinu.

Um rekstrarafkomu hinna einstöku flóabáta og samgöngutækja vill samvinnunefndin taka eftirfarandi fram:

Norðurlands-samgöngur.

Norðurlandsbáturinn „Drangur“ heldur nú aðallega uppi vetrarferðum um farsvæði sitt. Eftir að akvegasamband skapaðist við kaupstaðina Ólafsfjörð og Siglufjörð, þurfa þessir staðir aðeins á ferðum hans að halda að vetrarlagi, þegar vegir eru tepptir vegna snjóalaga. Hefur þar með orðið gjörbreyting á aðstöðu bátsins. Nokkur óvissa hefur því ríkt um það, hvort útgerðarmaður „Drangs“ treystir sér til að halda þessari þjónustu áfram. Mun hann eiga kost á að selja bátinn til annarrar starfsemi, en það væri mikið áfall fyrir samgöngumál þessara byggðarlaga. Er því í ráði, að þessi byggðarlög myndi samstarf um kaup á Drang með þátttöku rikissjóðs. Að beiðni samgönguráðuneytisins samþykkti nefndin að mæla með heimild í 6. gr. fjárlaga til, að rikisstjórnin f. h. rikissjóðs gerist hluthafi í hlutafélagi um kaup og rekstur flóabáts, sem þjóni núverandi farsvæði Norðurlandsbáts, og skal hlutur rikissjóðs vera allt að 50%, enda náist samkomulag um aðild sveitarfélaga eða annarra aðila um viðunandi rekstrargrundvöll. Styrkur til Norðurlandsbáts er hækkaður um 400 þús. kr., úr 2000 þús. kr. í 2400 þús. kr.

Lagt er til, að styrkur til Strandabáts hækki nú um 40 þús. kr. í 150 þús. kr. En þessi bátur annast farþega- og póstflutninga milli Hólmavíkur, Djúpavíkur og Gjögurs í Árneshreppi. Er gert ráð fyrir, að styrknum verði varið í samráði við sýslunefnd Strandasýslu, og þá fyrst og fremst haft í huga að tryggja vetrarsamgöngur við nyrzta hrepp sýslunnar, Árneshrepp.

Þá er lagt til, að styrkur til flugferða til Grimseyjar hækki um 50 þús. kr. í 250 þús. kr. Einnig mun Norðurlandsbáturinn halda uppi ferðum til Grimseyjar. Styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda lækkar um 30 þús. kr. í 50 þús. kr.

Loks leggur nefndin til, að styrkur til snjóþífreiðar í Dalvíkurlæknishéraði hækki um 25 þús. kr. í 90 þús. kr.

Austfjarðasamgöngur.

Austfjarðasamgöngur eru í svipuðu horfi og áður. Lagt er til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts hækki um 65 þús. kr. í 300 þús. kr.

Mjög mikið gagn hefur orðið af rekstri snjóþífreiða á Austfjörðum og hefur þeim því fjölgað nokkuð og styrkir almennt verið hækkaðir vegna aukins tilkostnaðar.

Nefndin leggur til, að styrkur til snjóþífreiðar á Fjarðarheiði hækki um 40 þús. kr. í 320 þús. kr., að styrkur til snjóþífreiðar á Fagradal hækki um 20 þús. kr. í 110 þús. kr., að styrkur til snjóþífreiðar á Oddsskarði hækki um 100 þús. kr. í 200 þús. kr., að styrkur til snjóþífreiðar læknishéraðanna á Fljótsdalshéraði hækki um 25 þús. kr. í 100 þús. kr., að styrkur til snjóþífreiðar milli Borgarfjarðar og Egilsstaða hækki um 35 þús. kr. í 100 þús. kr.

Þá er lagt til að taka upp styrk til snjóþífreiðar í Vopnafirði 100 þús. kr. og þífreiðar á leiðinni Stöðvarfjörður, Fáskrúðsfjörður—Egilsstaðaflugvöllur 50 þús. kr.

Suðurlandssamgöngur.

Haldið er áfram að veita styrki vegna vöruflutninga til hinna hafnlausu héraða í Skaftafellssýslu. Leggur nefndin til, að styrkur til vöruflutninga á Suðurlandi hækki um 100 þús. kr. í 900 þús. kr. Enn fremur er styrkur til vatnadreka við Skeiðará hækkaður um 10 þús. kr. í 50 þús. kr. Loks er lagt til, að styrkur til Vestmannaeyjabáts vegna mjólkurflutninga hækki um 110 þús. kr. í 500 þús. kr.

Faxaflóasamgöngur.

Rekstur „Akraborgar“, sem heldur uppi ferðum milli Akraness og Reykjavíkur, hefur enn sem fyrr reynzt erfiður, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að gera rekstur skipsins hagkvæmari. Fellst nefndin á að leggja til, að styrkur til skipsins hækki um 800 þús. kr. í 4 300 þús. kr.

Lagt er til, að styrkur til Mýrabáts hækki í 20 þús. kr.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Samvinnunefndin leggur til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts á Breiðafirði verði á næsta ári óbreyttur eða 475 þús. kr. Verkefni þessa báts fara minnkandi. Hann heldur uppi samgöngum milli Breiðafjarðareyja og enn fremur byggðarlaganna í Austur-Barðastrandarsýslu, sem mörg eru akvegasambandslaus meginhluta vetrar.

Lagt er til, að styrkur til Langeyjarnesbáts hækki um 15 þús. í 150 þús. kr.

Loks er lagt til, að rekstrarstyrkur til Stykkishólmsbátsins „Baldurs“ hækki um 400 þús. kr. í 3 500 þús. kr. og auk þess fái hann 1 200 þús. kr. sem byggingarstyrk vegna lengingar hans á s. l. ári.

Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi á Snæfellsnesi leggur nefndin til, að veittur verði 50 þús. kr. styrkur.

Vestfjarðasamgöngur.

Djúpbáturinn h/f á Ísafirði heldur sem fyrr uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kaupúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Nefndin taldi óhjákvæmilegt að hækka styrk bátsins um 500 þús. kr. í 3 000 þús. kr. vegna minnkandi flutninga og aukins tilkostnaðar.

Styrkur til Patreksfjarðarbáts, 35 þús. kr., er óbreyttur, en styrkur til Dýrafjarðarbáts er hækkaður um 15 þús. kr. í 75 þús. kr. Styrkur til Skötufjarðarbáts fellur niður.

Lagt er til að veita styrk til rekstrar og kaupa á snjóþífreið í Austur-Barðastrandarsýslu að upphæð 250 þús. kr. Byggðarlög þessi eru læknislaus og verða að sækja lækni ýmist til Hólmavíkur eða Búðardals og auk þess mjög einangruð samgöngulega séð yfir vetrarmánuðina.

Styrkur til vetrarflutninga yfir Kleifaheiði, leggur nefndin til, að verði óbreyttur eða 150 þús. kr.

Loks leggur nefndin til, að rekstrarstyrkur til snjóþjófleiðar yfir Botnsheiði hækki um 50 þús. kr. í 150 þús. kr. Suðureyri við Súgandafjörð er nú læknilaus, og situr héraðslæknirinn á Ísafirði og mun svo sennilega verða áfram með tilkomu læknameiðstöðvar á Ísafirði.

Samkvæmt framansögðu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1971 19 255 þús. kr. Er það 4 345 þús. kr. hærra en á árinu 1970.

Nefndin leggur til, að heildarfjárhæðin skiptist þannig:

1. Norðurlandsbátur	2 400 þús. kr.
2. Til Strandaferða	150 — —
3. Hriseyjarbátur	100 — —
4. Grimsey, vegna flugferða	250 — —
5. Flateyjarbátur á Skjálfanda	50 — —
6. Til snjóþjófleiðar í Dalvíkurlæknishéraði	90 — —
7. Mjóafjarðarbátur	300 — —
8. Til snjóþjófleiðar í Vopnafirði	100 — —
9. Til snjóþjófleiðar á Fjarðarheiði	320 — —
10. Til snjóþjófleiðar á Fagradal	110 — —
11. Til snjóþjófleiðar á Oddsskarði	200 — —
12. Til snjóþjófleiðar læknishéraðanna á Fljótsdalshéraði	100 — —
13. Til snjóþjófleiðar milli Borgarfjarðar og Egilsstaða	100 — —
14. Til þjófleiðar Stöðvarfjörður—Egilsstaðaflugvöllur	50 — —
15. Til vöruflutninga á Suðurlandi	900 — —
16. Til vöruflutninga til Öræfa	80 — —
17. Til vatnadreka við Skeiðará	50 — —
18. Til Vestmannaeyjabáts, vegna mjólkurflutninga	550 — —
19. H/f Skallagrímur — „Akrahorg“	4 300 — —
20. Mýrabátur	20 — —
21. Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi	50 — —
22. Flateyjarbátur á Breiðafirði	475 — —
23. Stykkishólmsbátur — „Baldur“	3 500 — —
Sami — byggingarstyrkur	1 200 — —
24. Langeyjarnesbátur	150 — —
25. Til snjóþjófleiðar í Austur-Barðastrandarsýslu	250 — —
26. Til vetrarflutninga yfir Kleifaheiði	150 — —
27. Patreksfjarðarbátur	35 — —
28. Dýrafjarðarbátur	75 — —
29. Til snjóþjófleiðar á Botnsheiði	150 — —
30. Djúpbátur h/f — „Fagranes“	3 000 — —

Samtals 19 255 þús. kr.

Alþingi, 14. des. 1970.

Ásberg Sigurðsson, form. Nd.-nefndar, frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr. Nd.-nefndar.	Jón Þorsteinsson, form. Ed.-nefndar, með fyrirvara.
Jón Árnason, fundaskr. Ed.-nefndar.	Páll Þorsteinsson.	Sigurvin Einarsson.
Steingrímur Pálsson.	Guðlaugur Gíslason.	Björn Pálsson, með fyrirvara.
Jónas G. Rafnar.	Ásgeir Bjarnason.	Steinþór Gestsson.
Friðjón Þórðarson.	Karl Guðjónsson.	